



Merki og merkingar fyrir Slysavarnafélagið Landsbjörg

Notkunarleiðbeiningar og tillögur vegna merkinga

Í þessu hefti eru sýndar þær útgáfur af merkinu sem nota má og útskýrt á hvaða hátt það má gera. Leita skal með öll vafamál til skrifstofu Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Merkið hannaði Garðar Pétursson, grafískur hönnuður.

Þennan staðal er hægt að nálgast á vefnum, slóðinni www.landsbjorg.is/stadall en þar er einnig hægt að sækja merkið í öllum þeim útgáfum sem í þessum staðli eru.

Skjölín eru bæði fyrir PC og Macintosh tölvur.

Merkið er sett upp í Freehand 9 en einnig er jpeg útgáfa fyrir netnotkun og pdf útgáfa.

Aðalútgáfa af merkinu.

Hér getur á að líta aðalútgáfu merkisins. Merkið skal nota á rauðum grunni alltaf þegar hægt er eins og hér sést. Þannig getur flöturinn sem merkið er sett á verið rauður en einnig er hægt að fá merkið svona sem heilan límmiða.

Process 4 lita útgáfa

Hentug í alla hefðbundna fjórlita prentun.

 Gulur
Cyan 0 Magenta 30 Yellow 94 Black 0

 Rauður
Cyan 0 Magenta 100 Yellow 91 Black 0



Pantone 2 spotlita útgáfa

Hentug í 2 lita prentun og silkiprentun

 Pantone 485

 Pantone 123



Svarthvít útgáfa



Aukaútgáfa merkisins á hvítum grunni.

Merkið skal nota á rauðum grunni eins og hægt er en annars á hvítum grunni eins og hér sést.

Process 4 lita útgáfa

Hentug í alla hefðbundna fjórlita prentun.

 Gulur
Cyan 0 Magenta 30 Yellow 94 Black 0

 Rauður
Cyan 0 Magenta 100 Yellow 91 Black 0

 Svartur




**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Pantone 3 spotlita útgáfa

Hentug í 3 lita prentun og silkiprentun

 Pantone 485

 Pantone 123

 Svartur



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Svarthvít útgáfa

Hentug t.d. fyrir fax, ljósritun, stimpla ofl.



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Merkið á mislitum bakgrunnum

Þar sem ekki hentar að setja rauðan flöt undir merkið má nota það eins og hér sést á mislita dökka bakgrunni. Þó þarf að meta það hverju sinni hvort fari betur.

2 lita útgáfa á bláan bakgrunn

Gulur

Hvítur



2 lita útgáfa á grænan bakgrunn

Gulur

Hvítur



2 lita útgáfa á orange bakgrunn

Athuga þarf vel að orange litirnir séu ekki líkir.
Annars þarf að setja flöt undir merkið

Gulur

Hvítur



Enskar útgáfur af merkinu.

Sömu reglur gilda um litameðferð og á íslenska merkinu.

Bæði aðalútgáfa og aukaútgáfa merkisins eru til sem 4 lita process og tveggja lita. Sjá íslensku litasamsetninguna.



Ensk útgáfa merkisins í svarthvítu. Merkið hægra megin er t.d. hentug til faxsendinga.



Merkingar á tækjum.

Hér má sjá hvernig rauða röndin fer á snjóbjól. Þarna er röndin látin sveigjast bæði upp og niður að aftan. Þetta þarf að útfæra á hverju tæki fyrir sig vegna breytileika þeirra.

Einnig er hér sýnishorn af merkingu á slöngubát. Vegna breytilegra lögunar og efna þarf að aðlaga merkingar að hverjum bát fyrir sig.



Merkingar á fjórhjólum.

Hér má sjá hvernig merkingar á fjórhjóli lítur út.



REGLUR UM MERKINGU VÉLSLEÐA

Á 285. fundi stjórnar SL voru samþykktar nýjar reglur um merkingu vélsleða björgunarsveita félagsins. Samkvæmt þeim skulu merkingar vera eftirfarandi:

- Merkja skal rúðu vélsleðans með merki Slysavarnafélagsins Landsbjargar á rauðum grunni.
- Merkja skal skúffuhliðar vélsleðans. Þar skal standa „BJÖRGUNARSVEIT“ með hvítum stöfum á rauðum grunni og gulri rönd endilangt ofantil.
- Merkja skal vanga¹ vélsleðans. Þar skal standa „BJÖRGUNARSVEIT“ með hvítum stöfum á rauðum grunni.

¹ Með vanga er átt við svæðið utanvert á húddi vélsleðans og fram fyrir aðalljós.

Einingum er heimilt að koma sínu merki inn í framangreindar merkingar. Þá er einingum heimilt að ganga lengra í merkingum og heilmerkja vélsleðann.

ÓHEIMILT ER AÐ TAKA Í NOTKUN VÉLSLEÐA SEM EKKI HEFUR VERIÐ MERKTUR SKV. REGLUM FÉLAGSINS. VAKIN ER ATHYGLI Á ÞVÍ AÐ SKV. 20. GR. REGLUGERÐAR NR. 331/2000 UM VÖRUGJÖLD AF ÖKUTÆKJUM GETUR TOLLSTJÓRI GJALDFELT NIÐURFELLINGU TÆKIS/TÆKJA VERÐI BJÖRGUNARSVEIT UPPVÍS AÐ MISNOTKUN EÐA ÓFULLNÆGJANDI MERKINGUM.



Dæmi um merkingar sk. reglum félagsins.



Dæmi um útfærslu á merkingu björgunarsveitar.



Dæmi um heilmerkta vélisleða.

Niðurfelling aðflutningsgjalda og VSK.

Skilyrði fyrir því að niðurfelling fái st er að viðkomandi vélsleði sé merktur samkvæmt reglum félagsins. Hafa einingar 60 daga frá skráningardegi vélsleðans til að ganga frá öllu er varðar umsókn um niðurfellingu.

- a) Merkja vélsleðann sk. reglum félagsins og gera hann útkallsfæran (unnið af einingu).
- b) Skila inn umsókn til skrifstofu SL um niðurfellingu á þar til gerðu eyðublaði ásamt frumritum reikninga. Reikningar verða að vera stílaðir viðkomandi einingu (unnið af einingu).
- c) Beiðni um niðurfellingu er tekin fyrir á fundi samstarfsnefndar um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af björgunartækjum (skrifstofa SL).
- d) Umsókn um endurgreiðslu lögð fram hjá Tollstjóra ásamt fylgigögnum (skrifstofa SL).
- e) Endurgreiðsla lögð inn á bankareikning viðkomandi einingar (Tollstjóri).
- f) Reikningar og fylgigögn send til baka á gjaldkera viðkomandi einingar (skrifstofa SL).